

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 6/2022**

**frá 4. febrúar 2022**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 50, 17.6.2015, bls. 24.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/109/ESB frá 10. október 2014 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB með því að taka saman safn af myndavíðvörðunum til að nota á tóbaksvörur <sup>(2)</sup>.
- 3) Tilskipun 2014/40/ESB fellir úr gildi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB <sup>(3)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) Noregur skal viðhalda aðlögun sinni að tilskipun 2001/37/EB að því er varðar munntóbak samkvæmt skilgreiningu í 8. lið, 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB („munntóbak“).
- 5) Vegna aðlögunarinnar að því er varðar munntóbak og vegna sérstakra innlendra aðstæðna sem rökstuddar eru með tölfræðiupplýsingum varðandi heilbrigðisáhættu sem tengist notkun og notkunarmynstri á munntóbaki, er Noregi heimilt að leyfa annars konar viðvörðunarkerkingu fyrir munntóbak að auki eins og fram kemur í þessari ákvörðun.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*I. gr.*

Eftirfarandi kemur í stað texta 3. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB) í XXV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32014 L 0040:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB (Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1), breytt með Stjtið. ESB L 150, 17.6.2015, bls. 24, breytt með:

– **32014 L 0109:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/109/ESB frá 10. október 2014 (Stjtið. ESB L 360, 17.12.2014, bls. 22).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „í síðasta lagi sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „eigi síðar en 20. nóvember 2016“.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 360, 17.12.2014, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 6. gr. og 13. mgr. 7. gr.:

„Í tilvikum sem varða framleiðendur og innflytjendur í EFTA-ríkjunum, skal eftirlitsstofnun EFTA innheimta gjöld sem framkvæmdastjórnin leggur á.“

c) Að því er varðar Noreg er eftirfarandi undirgrein bætt við 1. mgr. 12. gr.:

„Að teknu tilliti til sérstakra innlendra aðstæðna sem rökstuddar eru með tölfræðiupplýsingum varðandi heilbrigðisáhættu sem tengist notkun og notkunarmynstri á munntóbaki, má munntóbak sem sett er á markað í Noregi bera eftirfarandi annars konar viðvörunarmerkingu:

„Þessi tóbaksvara eykur líkur á fósturskaða og andvanafæðingu““.

d) Í 13. mgr. 15. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „20. maí 2019“ sem „16 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022“.

e) Í 3. mgr. 16. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „20. maí 2019“ sem „16 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022“.

f) Bannið í 17. gr. gildir ekki að því er varðar markaðssetningu vörunnar sem skilgreind er í 8. lið, 2. gr. í Noregi. Noregur skal banna útflutning á vörunni, sem skilgreind er í 8. lið 2. gr., til allra aðila þessa samnings, að Svíþjóð undanskildum.

g) Í 30. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „20. maí 2017“ sem „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022“.

Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. maí 2016“ í 30. gr.

Að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2022 frá 4. febrúar 2022“ í stað orðanna „20. nóvember 2016“ í 8. mgr. 30. gr.

2. gr.

Texti tilskipunar 2014/40/ESB, sbr. leiðréttingar í Stjóð. ESB L 150, 17.6.2015, bls. 24, og framseldrar tilskipunar 2014/24/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.